

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 25. júní 2019 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson, Þröstur Helgason og Jóhann R. Kristjánsson. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Málræktarþing 2019, framhaldsumræður

Sjá fg. stj. ÍM 5/2019, 2. lið. Rætt var áfram um málræktarþing sem haldið verður 26. september í fundarsal Þjóðminjasafnsins. Þema málræktarþingsins er rafræn gögn um íslenskt mál opin almenningi. Eftirfarandi hafa samþykkt að halda erindi á þinginu: Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra, Lars Trap-Jensen, Hjálmar Gíslason, Steinunn Stefánsdóttir, Laufey Leifsdóttir og Guðrún Nordal.

2. Ályktun um stöðu íslenskrar tungu, framhaldsumræður

Sjá fg. stj. ÍM 5/2019, 4. lið. Farið var yfir drög að ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2019.

3. Viðurkenningar

Sjá fg. stj. ÍM 5/2019, 3. lið. Áframhaldandi umræður um hverjir skuli hljóta viðurkenningu ÍM árið 2019.

4. Aðgerðaráætlunin

Umræðum um aðgerðaráætlun samkvæmt þingsályktun um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi var frestað þar sem Helga Guðrún Johnson, verkefnastjóri hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti, komst ekki á fundinn.

5. Önnur mál

a. Netverksfundur norrænu málnefndanna á Grænlandi

Ritari fór yfir stöðu mála hvað varðar undirbúning fyrir netverksfund norrænu málnefndanna sem haldinn verður í Nuuk á Grænlandi í lok ágústmánaðar.

b. Tungumálayfirlýsingin

Formaður greindi frá því að til stæði að endurskoða Tungumálayfirlýsinguna (Yfirlýsingu um málstefnu Norðurlanda), <https://www.norden.org/is/declaration/tungumalayfirlýsingin>. Ekki hefur verið haft samband við norrænu málnefndirnar í sambandi við þessa endurskoðun.

c. Skjöl úr förum Baldurs Jónssonar

Guðmundur Jónsson, prófessor í sagnfræði, afhenti plögg sem fundust við tiltekt á Sagnfræðistofnun og eru úr förum Baldurs Jónssonar og tengjast málefnum Íslenskrar málnefndar. Skjöl þessi verða geymd með öðrum skjölum Íslenskrar málnefndar.

d. *Umsögn í máli 56/2019*

Hilmar Hilmarsson afhenti frumrit umsagnar í máli nr. 56/2019 sem stjórn Íslenskrar málnefndar sendi við frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Umsögnin verður varðveitt í skjalasafni Íslenskrar málnefndar.

Fundi lauk kl. 15.50.

Guðrún Kvaran
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.